

BÍÓ

04. tbl. maí 2019

# MINN R

manaðar



Disney

Aladdin



# Billys

PAN PIZZA





THEY'RE GIVING DIRTY ROTTEN MEN  
A RUN FOR THEIR MONEY

ANNE HATHAWAY  
REBEL WILSON

THE  
**HUSTLE**



**NÝTT  
Í BÍÓ**  
FRUMSÝND  
10. maí





## Gleðilegt sumar

Já, sumarið er gengið í garð og með því koma sumarmyndirnar. Vertíðin byrjar með hvelli því fimmtán myndir eru á dagskránni í maí sem að venju koma úr öllum áttum eins og sést á yfirlitinu hér fyrir neðan – og þegar blaðinu er flett áfram. Sjáumst í bío!


### Maídagsskrá bíóhúsanna:

3. maí	Polaroid	Bls. 14
10. maí	Hellboy	Bls. 15
10. maí	Eden	Bls. 16
10. maí	The Hustle	Bls. 17
10. maí	Pokémon Detective Pikachu	Bls. 18
10. maí	UglyDolls: Bíómyndin	Bls. 20
17. maí	John Wick: Chapt. 3 - Parabellum	Bls. 22
17. maí	Poms	Bls. 23
17. maí	After	Bls. 24
17. maí	Extremely Wicked, Shockingly Evil and Vile	Bls. 25
22. maí	Aladdin	Bls. 26
22. maí	Brightburn	Bls. 28
29. maí	Rocketman	Bls. 30
29. maí	Godzilla: King of the Monsters	Bls. 32
29. maí	Booksmart	Bls. 33

Kíkið svo einnig á DVD- BluRay- og VOD-útgáfuna hinum megin í blaðinu, ásamt kynningu á þremur nýjum tölvuleikjum

## Viltu vinna bíómiða fyrir tvo í eitthvert kvikmyndahúsanna?

Finndu þá **lykilinn** og **taktu þátt í leiknum!**

Leikurinn er ekki flókinn. Þú þarft að finna lítinn lykil sem einhver gleymdi inni á einni síðunni hér bíómegin í blaðinu og lítur út eins og þessi: 

Ef þú finnur lykilinn og vilt taka þátt í leiknum skaltu fara inn á [facebook.com/myndirmanadarins](https://facebook.com/myndirmanadarins) og senda okkur svarið **með skilaboðum**, þ.e. númerið á blaðsíðunni þar sem lykillinn er. Ekki gleyma að hafa **fullt heimilisfang** og **póstnúmer** með svarinu.

Frestur til þátttöku er til og með **21. maí**. Valið verður af handahófi úr réttum lausnum fljótlega eftir það og verða nöfn vinningshafa síðan birt í næsta tölublaði sem kemur út í lok maí.

### Vinningshafar í síðasta leik, finndu ungann:

Elísabet Valtýsdóttir, Búhamri 86, 900 Vestmannaeyjum  
Stefán Þórssón, Berjavöllum 2, 221 Hafnarfirði  
Júlía Bergs Ríkharðsdóttir, Krókavaði 16, 110 Reykjavík  
Sigfinnur Gunnarsson, Hrísrími 2, íb. 202, 105 Reykjavík  
Linda Björk Ómarsdóttir, Holtsgötu 1, 112 Reykjavík

Takk fyrir þátttökuna!

## MYNDIR MÁNAÐARINS

304. tbl. maí 2019

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: [www.myndirmanadarins.is](http://www.myndirmanadarins.is)

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Prófkör: Veturliði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 20.000 eintök

# SÝNDU ÚR HVERJU ÞÚ ERT GERÐUR



# UGLY DOLLS

ELÍSABET ORMSLEV

ÍRIS HÓLM JÓNSDÓTTIR

SIGURÐUR ÞÓR ÓSKARSSON

JÓN RAGNAR JÓNSSON

ÆVAR ÞÓR BENEDIKTSSON

EYÞÓR INGI GUNNLAUGSSON

ODDUR JÚLIUSSON

KATRÍN HALLDÓRA SIGURÐARDÓTTIR

FRUMSÝND 10. MAÍ

LAUGARÁS  BÍÓ

SMÁRA  BÍÓ

HÁSKÓLA  BÍÓ

BORGAR  BÍÓ



OF GOTT TIL AÐ  
SLEPPA ÞVÍ







## Avengers: Endgame slær í gegn

Þegar þetta blað fór í prentun 26. apríl var nýbúið að frumsýna *Avengers: Endgame* um allan heim og er óhætt að segja að fyrstu viðbrögð þeirra sem sáu hana á almennum sýningum hafi verið góð, og eiginlega rúmlega það því heitustu aðdáendurnir, sem eru margir, lýsa henni sem hreinræktuðu snilldarverki. Nokkuð öruggt má telja að myndin slái aðsóknarmet á sinni fyrstu sýningarhelgi (sem verður liðin þegar þú lest þetta) og um leið má telja öruggt að hún eigi eftir að slá *Avengers: Infinity War* út í heildaraðsókn og tekjum þegar upp verður staðið, en sú mynd er í dag fjórða tekjuhæsta mynd allra tíma, rétt á eftir *Star Wars: The Force Awakens* sem situr í þriðja sætinu. Spurningin er eiginlega frekar sú hvort *Endgame* slái ekki líka út *Titanic* sem situr í öðru sæti listans ... og geri jafnvel atlögu að *Avatar* sem trónað hefur á toppnum undanfarin níu ár sem langvinsælasta mynd allra tíma. Þetta kemur í ljós á næstu vikum, en við viljum ítreka þá beiðni aðstandenda myndarinnar að þeir sem sjá hana með fyrri fallinu spilli henni ekki fyrir þeim sem eiga það eftir með því að segja frá því sem gerist í henni, og síst af öllu hvernig hún endar. Vonandi virða allir þá sjálfsgöðu beiðni. Myndin hér að ofan var tekin á fyrstu sýningu myndarinnar í Los Angeles 22. apríl þar sem allir helstu leikarar og aðstandendur myndarinnar voru viðstaddir.




## Barist við sjálfan sig

Á myndinni hér fyrir ofan sjáum við þá Ang Lee og Will Smith við tökur á nýjstu mynd Angs, vísindaskáldsögunni *Gemini Man* sem kemur í bíó í nóvember, en fyrsta stiklan úr henni var frumsýnd í apríl og er óhætt að segja að hún lofi góðu, a.m.k. þeim sem kunna að meta vísindaskáldskap og hasar. Myndin, sem er framleidd af stórmyndakónginum Jerry Bruckheimer, segir frá gríðarlega öflugum og færum leigumörðingja í framtíðinni sem lendir þó í miklum vandræðum með að taka eitt „verkefna“ sinna af lífi. Það á hann í fyrstu erfitt með að skilja eða allt þar til hann kemst að því að sá sem honum er ætlað að senda til forfeðranna er í raun hann sjálfur, bara eldri útgáfa sem gjörþekkir hugsanir hans og allar áætlanir fyrirfram. Þeim sem kveikja ekki alveg á hvernig þetta má vera er bent á að skoða stikluna þar sem sagan er útskýrð nánar en í myndinni leikur Will Smith báðar útgáfurnar af sjálfum sér, þá eldri og þá yngri, og er í síðarnefnda tilfellinu yngdur upp með sömu tækni og notuð var til að yngja Samuel L. Jackson upp í *Captain Marvel*. Eins og áður sagði verður *Gemini Man* frumsýnd í nóvember og ættu gæði hennar að vera tryggð með hinn tvöfalda Óskarsverðlaunahafa Ang Lee við stjórnvölinn. Við skulum a.m.k. leyfa okkur að vona það.



## Hinir dauðu deyja ekki

Fyrsta stiklan úr grínhrollinum *The Dead Don't Die* eftir Jim Jarmusch hefur vakið verðskuld- aða athygli en hann er með þeim Bill Murray, Chloë Sevigny og Adam Driver í aðalhlutverkum og Steve Buscemi, Danny Glover, Rosie Perez, Tilda Swinton, Tom Waits, Seleno Gomez, Carol Kane, Caleb Landry Jones, RZA, Iggy Pop og fleiri þekktum nöfnum í helstu aukahlutverkum. Myndin gerist í hinum friðsæla smábæ Centerville þar sem líf íbúanna fer úr skorðum þegar lík ættingja þeirra taka upp á því að grafa sig upp úr gröfum sínum og herja á þá með tilheyrandi ringulreið og varnarviðbrögðum. Kíkið endilega á þessa bráðskemmtilegu og sérstöku stiklu ef þið hafið ekki gert það nú þegar.



## Stórleikur ársins?

Eins og lesendur hafa orðið varir við fylgjumst við á Myndum mánaðarins með bandarískri umræðu um væntanlegar verðlaunamyndir ársins þegar að því kemur að gera það upp. Í apríl bættist myndin *The Professor and the Madman* við í þá umræðu og er hún háværust í kringum leikarana í aðalhlutverkum, Mel Gibson og Sean Penn, sem margir hafa þegar slegið föstu að verðlaunaneftirnar muni ekki geta gengið fram hjá þegar tilnefningarnar verða ákveðnar. Við förum ekki út í söguþráðinn hér og bendum áhugasömu á að kynna sér bæði hann og stikluna á netinu, en viljum geta þess að fyrir utan þá Mel og Sean er handritið einnig sagt mjög líklegt til verðlauna svo og leikstjórn Farhads Safnia.



NÓA

# Popp Smellur



**Poppaðu upp tilveruna!**

Nóa Popp Smellur er nýtt og ómótstæðilegt súkkulaðihúðað poppkorn sem einnig er fánlegt með pipardufti. Grípandi smellur sem tyllir sér beint á topp vinsældalistans.

Popp Smellur. Nýjasti Smellurinn frá Nóa Sírius.





Líf tónlistarmannsins Jacks Malik breytist verulega þegar hann rankar við sér eftir sly og uppgötvar að hann er eini maðurinn í heiminum sem veit hverjir Bítlarnir voru og kann lögin þeirra.

### Hefurðu heyrt um Bítlana?

Það hlakka margir til að sjá nýjustu mynd leikstjórans Dannys Boyle og handritshöfundarins Richards Curtis, *Yesterday*, sem frumsýnd verður í júní, en stíklurnar úr henni hafa notið gríðarlegra vinsælda á netinu að undanförunu. Eins og flest kvikmyndaáhugafólk veit fjallar myndin um tónlistarmanninn Jack Malik (Himesh Patel) sem er alveg að gefast upp á að hafa í sig og á með tónlist þegar hann verður kvöld eitt fyrir bíl og missir meðvitund. Þegar hann vaknar er hann kominn inn í einhvers konar hliðarveröld þar sem Bítlarnir voru ekki til og enginn þekkir tónlist þeirra – nema hann.

Það kemur sennilega engum á óvart sem þekkir til vinnubragða leikstjórans Dannys Boyle, svo ekki sé talað um Richards Curtis, handritshöfundar mynda eins og *Love Actually*, *Four Weddings and a Funeral* og *About Time*, að innanbúðarfólk sem séð hefur myndina segir hana algerlega frábæra og að hún fari umsvifalaust í flokk með skemmtilegustu rómantísku kómedíum sem gerðar hafa verið. Við hin sem höfum ekki séð myndina getum því látið okkur hlakka enn meira til, en *Yesterday* verður frumsýnd 26. júní.



Ed Sheeran leikur sjálfan sig í *Yesterday*.



Lily James leikur Ellie sem hefur lengi verið ástfangin af Jack en glímir við þann vanda að hann hefur aldrei áttað sig á því.



Þeir J og K (Will Smith og Tommy Lee Jones) hafa nú dregið sig í hlé frá skyldustörfum hjá MIB-sveitinni og þau M og H (Tessa Thompson og Chris Hemsworth) eru komin í þeirra stað.

### Hver er svikarinn?

Fjórða myndin um *Men in Black*-sérsvaitina sem hefur það verkefni með höndum að hafa hemil á geimverunum sem búa á meðal manna og passa að þær séu ekki með uppsteyt, hvað þá einhver heimsyfirráðaplön, kemur í bíó um miðjan júní, 22 árum eftir að fyrsta *MIB*-myndin var frumsýnd og sjö árum eftir að sú þriðja sló í gegn árið 2012.

MIB-sérsvaitarmennirnir J og K sem þeir Will Smith og Tommy Lee Jones léku í fyrstu myndunum þremur hafa nú lagt skóna á hilluna og við eru tekin þau M og H sem Tessa Thompson og Chris Hemsworth leika. Sem fyrr sinna þau alls konar útköllum þar sem geimverur eru til vandræða en þótt þau hafi fengið ágæta þjálfun er ekkert sem gat búið þau undir átökin sem framundan eru. Að auki steðjar að ný ógn því eftir alls kyns hrakfarir komast þau að því að innan *MIB* leynist sennilega svikari sem nauðsynlegt er að finna og uppræta áður en það er of seint.

Athugið að í tilefni af frumsýningu *MIB International* verða fyrri myndirnar þrjár endurútgefnar á sjónvarpsleigunum 30. maí, bæði fyrir þá eldri sem vilja rifja þær upp, svo og fyrir nýjar kvikmynda-kynslóðir sem vaxið hafa úr grasi á þeim 22 árum sem liðin eru síðan sú fyrsta var frumsýnd. Sjá bls. 32 hinum megin í blaðinu.



Baráttan við uppivöðuslusamar geimverur berst í þetta sinn til annarra landa og á því ferðalagi tekst þeim M og H að brotlanda farartæki sínu í miðri eyðimörk. Hvað þau taka til bragðs vitum við ekki.



KYLE  
CHANDLER

VERA  
FARMIGA

MILLIE BOBBY  
BROWN

BRADLEY  
WHITFORD

SALLY  
HAWKINS

CHARLES  
DANCE

THOMAS  
MIDDLEDITCH

O'SHEA  
JACKSON JR.

WITH  
KEN  
WATANABE

AND  
ZIYI  
ZHANG

# GODZILLA II

## KING OF THE MONSTERS

LONG LIVE THE KING

SAMBÍÓN  
EIGILSHÖLL

SMÁRA  
BÍÓ

AKUREYRI  
SAMBÍÓN

KEFLAVÍK  
SAMBÍÓN

KRINGLUNNI  
SAMBÍÓN

ÁLFABAKKA  
SAMBÍÓN

FRUMSÝND 29. MAÍ





### Hin dökka hlið Jane Grey

Aðdáendur Marvel-myndanna um X-fólkið, *X-Men*, fá góða ástæðu til að reima á sig skóna í byrjun júní þegar *Dark Phoenix* verður frumsýnd en hún er óbeint framhald *X-Men: Apocalypse* og gerist nokkrum árum eftir atburðina í þeirri mynd, nánar tiltekið árið 1992. Eftir það sem gerðist í *Apocalypse* hefur X-fólkið áunnið sér aukið traust í samfélaginu og sinnir ýmsum útköllum sem mennskir ættu erfitt með að taka að sér. Í einu slíku útkalli, þar sem bjarga þarf nokkrum geimförum úr háska, verður slys sem leiðir til þess að hið innra og illa eðli Jane Grey brýst í gegn og yfirtekur líkama hennar. Þetta illa sjálf Jane Grey nefnist Dark Phoenix og býr að meiri kröftum en allt X-fólkið ræður yfir samanlagt. Í gang fer hrikaleg barátta sem X-fólkið og mannkynið mun tapa finnst ekki einhver ráð. Við fjöllum auðvitað betur um þessa hörkumynd í næsta blaði en hvetjum aðdáendur til að skoða nýjustu stíkluna sem er frábær.




Það er Sophie Turner sem leikur Jane Grey/Dark Phoenix.



### Hvers óska leikföng sér?

Fjórða *Toy Story*-myndin verður ein af myndum júnímánaðar í kvikmyndahúsunum en níu ár eru nú liðin síðan þriðja myndin var frumsýnd og 24 ár síðan fyrsta myndin, sem var einnig fyrsta 100% tölvuteiknaða mynd sögunnar, reyndist upphafið að þeirri sigurgöngu Pixar-fyrirtækisins sem enn stendur yfir og getið hefur af sér 21 af vinsælustu teiknimyndum síðastliðins aldarfjórðungs.




Í *Toy Story 4* mæta að sjálfsgöðu öll gömlu og góðu leikföngin til leiks á ný með Vidda og Bósa ljósár í fararbroddi. Auk þess hafa nokkur ný leikföng bæst í hópinn, þar á meðal plastskeið (eða gaffall – sjá myndina hér fyrir ofan), sem eigandi leikfanganna, Bonnie, bjó sjálf til og á eftir að verða örlagavaldurinn í sögunni. Um það fjöllum við nánar í næsta blaði og hvetjum að sjálfsgöðu alla til að skoða stíklurnar.




### Hið geggjaða í tilverunni

Önnur tölvuteiknuð mynd sem á örugglega eftir að gera það gott í kvikmyndahúsunum í júní er framhaldið af myndinni *Leynilíf gæludýra*, eða *The Secret Life of Pets 2*, sem gerð er af teiknimyndafyrirtækinu Illumination, en það gerði m.a. myndirnar um Gru glæpon og litlu gulu skósveinana, *Minions*.



Í myndinni, sem frumsýna á í byrjun júní, skreppum við aftur í heimsókn til voffans Max og allra hinna gæludýranna sem hann þekkir og við kynntumst í fyrstu myndinni og skyggnumst nú enn dýpra inn í líf þeirra þegar eigendurnir eru ekki nærri. Í þetta sinn eru það tilfinningar þeirra sem verða í brennidepli og þá ekki síður geðheilsan sem eins og allir vita sem átt hafa gæludýr getur verið misjöfn hjá þeim eins og mannfólkinu.





# EDEN

ALLIR ÞRÁ PARADÍS

FRUMSÝND 10. MAÍ

SMÁRA  BÍÓ HÁSKÓLA  BÍÓ





## Allt getur nú gerst

*Long Shot* er nýjasta mynd leikstjórans og handritshöfundarins Jonathans Levine sem á m.a. að baki myndirnar *The Wackness*, *Warm Bodies*, *50/50* og *The Night Before*. Hér vinnur hann með handrit Liz Hannah (*The Post*) og Dans Sterling (*The Interview*) og fjallar sagan um blaðamanninn og greinahöfundinn Fred Flarsky (Seth Rogen) sem þrátt fyrir að vera góðum rithæfileikum gæddur hefur strögglað meira og minna allan sinn feril, aðallega vegna þess að hann á erfitt með að hemja sig í aðstæðum sem krefjast þess að hann hemji sig. Fred hefur lengi verið ástfanginn af Charlotte Field (Charlize Theron), eða allt frá því að hún passaði hann þegar hún var ung og hann enn yngri. Á milli þeirra var hins vegar, og er auðvitað enn, sjö ára aldursmunur þannig að engar líkur voru á því að sú ást skilaði miklu. Auk þess fetaði Charlotte frambrautir í stjórnárum sem hafa leitt til þess að hún er nú orðin vænlegur kandidát til forsetaframbóðs og inn í þá mynd mun Fred Flarsky seint passa. Það er því frekar ólíklegt að leiðir hans og hennar eigi eftir að liggja saman á ný. En það gerist nú samt þegar honum býðst að reyna sig við það verkefni að skrifa frambóðsræður Charlotte og upp úr því hefst skandin og rómantísk atburðarás sem kemur á óvart, ekki síst þeim sjálfum.

*Long Shot* var forsýnd á South by Southwest-hátíðinni í mars og hefur fengið mjög góða dóma þeirra sem sáu hana þar. Þykir hún því afar líkleg til vinsælda þegar hún fer í almenna dreifingu og gerir áætlun ráð fyrir að hún komi í bíó hér á landi um miðjan júní.



Að skrifa ræður fyrir forsetaframbjóðendur krefst þess að maður viti talsvert um þá og því þurfa þau Fred og Charlotte að eyða tíma saman við spjall. Fáa grunar hins vegar hvað gerist næst.



## Ást við fyrstu sýn

Bandaríski rithöfundurinn Nicola Yoon sló í gegn með sinni fyrstu bók, *Everything, Everything*, árið 2015 og það leið ekki á löngu uns búið var að kvikmynda hana með þeim Amöndlu Stenberg og Nick Robinson í aðalhlutverkum eins og margir muna. Næsta bók Yvonne, *The Sun is Also a Star* sem kom út 2016, varð svo enn vinsælli og í júní verður frumsýnd mynd sem er gerð eftir henni og heitir það sama. Þetta er rómantísk ástarsaga um New York-búana Natöshu og Daniel (Yara Shahidi og Charles Melton) sem fella hugi saman svo að segja strax þegar þau hittast. Yfir sambandi þeirra hvílir þó sá skuggi að þar sem fjölskylda Natöshu kom ólöglega til Bandaríkjanna á hún á hættu að vera vísað úr landi.

Þess má geta að við Íslendingar eigum dálítið í þessari mynd því tónlistin í henni er samin af Herdísí Stefánsdóttur.



## Júníhrollurinn

Enn ein myndin úr *The Conjuring*-seríu James Wan er væntanleg í bíó í lok júní og er um að ræða þriðju myndina um brúðuna illskeyttu, Annabelle. Í þetta sinn er það Gary Dauberman sem leikstýrir og þótt þetta sé hans fyrsta leikstjórnarverkefni er hann öllum hnútum kunnur í bransanum enda skrifaði hann handrit fyrri tveggja *Annabelle*-myndanna, svo og handrit *It*-myndanna, bæði þeirrar sem frumsýnd var haustið 2017 sem og framhaldsmyndarinnar sem verður frumsýnd í september. Við kynnum þessa þriðju *Annabelle*-mynd að sjálfsögðu meira og betur í næsta blaði en þeim sem þora og hafa aldur til er auðvitað guðvelkomið að kynna sér hana nú þegar á netinu og skoða hrollvekjandi stíkluna sem var frumsýnd fyrir skömmu.







## Ný mynd frá Edward Norton

Það hefur ekki mikið borið á Edward Norton á undanföllum árum, eða allt síðan hann var í sviðsljósinu árið 2014 þegar myndirnar *Birdman* og *The Grand Budapest Hotel* gerðu það gott. Að vísu hefur hann tekið að sér smærri verkefni síðan þá en ástæðan fyrir því að hann hefur ekki tekið að sér stærri hlutverk er að hann keypti árið 2013 kvikmyndaréttinn að verðlaunabók rithöfundarins Jonathans Lethem, *Motherless Brooklyn*, og ákvað að gera allt í senn, framleiða myndina, skrifa handritið, leikstýra henni og leika aðalhlutverkið.

Tökum á myndinni er nú að mestu lokið og er áætlað að hún verði frumsýnd í byrjun desember. Myndin segir frá manni einum, Lionel Essrog, sem starfar hjá einkaspæjara að nafni Frank Minna í New York. Dag einn er Frank myrtur af ókunnum aðila og í framhaldinu kemst fátt annað að í huga Lionels en að finna þann seka og komast að ástæðunni fyrir morðinu. Það er Bruce Willis sem leikur Frank en á meðal annarra leikara í stórum hlutverkum eru þau Willem Dafoe, Gugu Mbatha-Raw, Alec Baldwin, Leslie Mann, Bobby Cannavale og Fisher Stevens. Þetta er önnur mynd Edwards sem leikstjóra en sú fyrri var hin ágæta rómantíska kómédia *Keeping the Faith* (2010).



## Shazam snýr aftur

Velgengi ofurhetjunnar *Shazam!* hefur verið mikil og jafnvel meiri en reiknað var með og því kom það fáum á óvart þegar tilkynnt var á dögunum að búið væri að ákveða að gera aðra mynd um hann. Fyrsta skrefið hefur þegar verið tekið en það var að ráða sögu- og handritshöfundinn Henry Gayden aftur til starfa. Að sögn fólks sem þekkir til þykir og mjög líklegt að leikstjórinn David F. Sandberg verði fenginn til að leikstýra myndinni. Engar dagsetningar liggja fyrir en hvort sem það tekur tvö eða fimm ár að koma *Shazam! 2* á tjaldíð geta aðdáendur kappans alla vega glaðst yfir að hann og hans lið hefur alls ekki sungið sitt síðasta.



## Gleymdu síðustu þremur

Næsta *Terminator*-mynd, *Dark Fate*, sem nú er í eftir- og tæknivinnslu verður frumsýnd 1. nóvember og bíða margir spenntir eftir að sjá fyrstu sýnishornin úr henni enda hefur söguþræðinum verið haldið kirfilega leyndum, en hann er saminn af James Cameron sjálfum í samvinnu við David S. Goyer og Justin Rhodes og tók sá síðastnefndi það að sér að skrifa handritið. Eitt hefur þó verið látið uppi um atburðarásina og það er að hún gerist í framhaldi af *Terminator 2: Judgment Day* og að í henni er algjörlega strokað yfir allt sem gerðist í myndunum þremur sem komu þar á eftir, þ.e. *Rise of the Machines*, *Salvation* og *Genisys*, og látið sem það hafi aldrei gerst. Væntanlegir áhorfendur sem séð hafa þær myndir eru því vinsamlega beðnir að eyða þeim sögum úr minninu!

Myndin hér fyrir ofan er af þremur af sex aðalpersónum myndarinnar, þeim Dani, Grace og Söruh (Natalia Reyes, Mackenzie Davis og Linda Hamilton), en hinar þrjár eru vélmennir úr framtíðinni sem þeir Brett Azar, Gabriel Luna og Arnold Schwarzenegger leika.



## Jólamyndin í ár?

Já, já, við vitum að það er fullsnemmt að fólk sé farið að velta fyrir sér væntanlegum jólamyndum svona rétt í sumarbyrjun en við megum samt til með að nota síðasta plássíð hér að þessu sinni til að minnast á myndina *Last Christmas* sem verður frumsýnd í lok nóvember. Hún er eftir breska leikstjóran Paul Feig, sem gerði m.a. myndirnar *Bridesmaids*, *The Heat*, *Spy* og núna síðast *A Simple Favor*, og er gerð eftir handriti Emmu Thompson. Hún leikur einnig stórt hlutverk ásamt Michelle Yeoh en í aðalhlutverkum eru þau Emilia Clarke og Henry Golding. Myndin dregur heiti sitt af samnefndu lagi sem Wham-dúettinn flutti á sínum tíma og George Michael samdi og eftir því sem okkur skilst er megnið af tónlistinni í myndinni eftir hann, bæði lög sem allir þekkja svo og lög sem fundust í dánarbúi hans og hafa aldrei heyrst opinberlega áður. Við hér á Myndum mánaðarins teljum okkur hafa fulla ástæðu til að spá því að þessi mynd muni slá í gegn. Fylgist með frá byrjun!





## Polaroid

Tryllir



**Aðalhlutverk:** Kathryn Prescott, Tyler Young, Samantha Logan, Mitch Pileggi, Keenan Tracey, Priscilla Quintana, Katie Stevens, Davi Santos, Shauna Macdonald og Javier Botet **Leikstjórn:** Lars Klevberg  
**Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 3. maí



Mitch Pileggi leikur lögreglumanninn Pembroke sem í fyrstu er vantrúaður á ofurmátt myndavélarinnar en á eftir að skipta um skoðun.

### Veistu svarið?

Eins og kemur fram hér í kynningunni er *Polaroid* eftir norska leikstjórnann Lars Klevberg. Hann mun næst senda frá sér endurgerð myndarinnar *Child's Play* frá árinu 1988, en í henni má segja að skelfileg dúkka eigi sviðið. Hvað heitir sú fræga dúkka?



Chucky

## Ekki smella af

Menntaskólaneminn Bird Fisher starfar með skólanum í antikverslun þar sem hún rekst dag einn á forlata polaroid-vél sem enn virðist í fínu lagi. Bird byrjar að taka myndir af sjálfri sér og skólafélögum sínum en ekki líður á löngu uns hún gerir sér grein fyrir að þeim sem myndaðir eru með vélinni eru búin hroðaleg örlög. Sú uppgötvun kemur hins vegar allt of seint.


Það svífur ótti og skelfing yfir vötnunum í spennutryllinum *Polaroid* enda komast þeir sem hafa verið myndaðir með vélinni að því að þeir eru sennilega dauðadæmdir finni þeir ekki leið til að koma böndum á mátt vélarinnar. Tilraunir til að eyðileggja myndirnar skapa bara enn meiri skelfingu því það sem kemur fyrir þær kemur einnig fyrir þá sem eru á þeim og myndavélina sjálfa er ekki heldur hægt að eyðileggja. Góð ráð verða því dýr en í æsilegu kapphlaupi við tímann áttar Bird sig á því að e.t.v. liggur lausnin í fortíðinni ...



Kathryn Prescott leikur menntaskólanemann Bird Fitcher sem finnur gamla polaroid-myndavél og gerir sér auðvitað enga grein fyrir því í fyrstu að hver sá sem hún myndar mætir hræðilegum örlögum.

## Punktur .....

- Höfundur *Polaroid* er norski leikstjórninn Lars Klevberg og er myndin byggð á samnefndri stuttmynd hans frá árinu 2015 sem vakti víða verulega athygli enda verulega vel gerð í alla staði.
- Polaroid-myndavélar komu fyrst á markað árið 1947 og þóttu mikil undrataeki enda framkölluðu þær myndirnar sjálfar á aðeins nokkrum mínútum eftir að þær voru teknar. Vélarnar nutu mikilla vinsælda næstu áratugi og þess má geta að sú sem Bird finnur í myndinni er af gerðinni Polaroid SX-70 sem framleidd var árið 1972.



Þessi myndataka af nokkrum félögum Bird á góðri stundu á eftir að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir þau öll. Priscilla Quintana, Samantha Logan, Keenan Tracey og Tyler Young í hlutverkum sínum í myndinni.





## Hellboy

Ofurhetjur / Hasar / Ævintýri



**Aðalhlutverk:** David Harbour, Milla Jovovich, Ian McShane, Sasha Lane, Daniel Dae Kim, Thomas Haden Church, Penelope Mitchell, Sophie Okonedo og Brian Gleeson **Leikstjórn:** Neil Marshall  
**Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Akureyri og Keflavík, Selfossbíó, Eyjabíó og Ísafjarðarbíó

**Frumсыnd 10. maí**



Milla Jovovich leikur Nimue, eða Blóðdrottninguna, sem á harma að hefna og ætlar sér að leiða miklar hörmungar yfir mannkynið.

### Veistu svarið?

David Harbour, sem leikur Hellboy, hefur leikið í ýmsum myndum, en er samt einna þekktastur fyrir að leika Jim Hopper í vinsælli sjónvarpsseríu og hlaut m.a. tilnefningu til Golden Globe-verðlauna fyrir það hlutverk. Hvaða sjónvarpsseríu?



Stranger Things

## Með illu skal illt út reka

Anung Un Rama, öðru nafni Hellboy, er að hálfu leyti djöfull og að hálfu leyti mennskur, alinn upp af prófessor Trevor Bruttonholm og starfar fyrir B.P.R.D. (Bureau for Paranormal Research and Defense) að því að uppræta ýmis ill öfl sem ógna mannkyninu. Þótt hann líti út eins og djöfull og sé með horn hala og klaufir, er hjarta hans mennskt og slær fyrir réttlæti.

Hellboy er einnig rammur að afli, ónæmur fyrir sjúkdómum og gæddur yfirnáttúrulegum hæfileikum til að lækna og græða líkama sinn af öllum sárum sem hann hlýtur, bæði fljótt og vel. Hægri hönd hans er úr grjóti og þeir eru ekki margir sem þurfa meira en eitt högg frá henni til að hverfa endanlega yfir til forfeðra sinna.

Sagan hefst reyndar löngu áður en Hellboy fæðist, þ.e. þegar Artúr konungur stöðvar blóðdrottninguna Nimue og hennar illu áform um að leggja banvæn álög á þegna hans. En þótt Artúr hafi síðan búið að Nimue í sundur með sverðinu Excalibur og falið líkamsleifar hennar víða um England hefur sú hætta ávallt verið fyrir hendi að einhver óvætturinn nái að vekja hana til lífsins á ný. Sú stund er einmitt runnin upp núna og þar með fær Hellboy nóg að gera!



Anung Un Rama, eða Hellboy öðru nafni, er leikinn af David Harbour.

## Punktar .....

- *Hellboy* er í leikstjórn Neils Marshall (*Dog Soldiers*, *Centurion*, *Doomsday*) sem tók við taumunum úr hendi Guillemos del Toro en hann gerði eins og kunnugt er *Hellboy*-myndirnar tvær árin 2004 og 2008 með Ron Perlman í titilhlutverkinu. Átti þessi mynd upphaflega að verða þriðja myndin í þeirri seríu en frá því var fallið árið 2014 og ákveðið að byrja upp á nýtt, í þetta sinn með David Harbour í aðalhlutverki. Um upprunasögu er því að ræða, a.m.k. til að byrja með, en annars sækir myndin efnið í sögurnar, eða öllu heldur söguseriurnar *Darkness Calls*, *The Wild Hunt* og *The Storm and the Fury* sem komu út á árunum 2007–2010.



Ian McShane leikur skrímslabanann prófessor Broom, eða Trevor Bruttonholm, en hann er einnig föstur- og uppeldisfaðir Anungs Un Rama.





## Eden

Drama / Spenna



**Aðalhlutverk:** Telma Huld Jóhannesdóttir, Hansel Eagle, Arnar Jónsson, Hjalti P. Finnsson, Gunnar Marís, Einar Viðar G. Thoroddsen, Tinna Sverrisdóttir og Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir **Leikstjórn:** Snævar Sölvason **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 10. maí



### Veistu svarið?

Eins og komið er inn á í kynningunni hér gerðist fyrsta mynd Snævars Sölvasonar, *Albatross*, að mestu á golfvöllinum í Bolungarvík og sagði frá ævintýrum starfsmanna hans í blíðu og stríðu. En hver lék þar vallarstjórn eittíðarða, Kjartan?



Þálmí Gestsson

## Allir þrá paradís

*Eden* er önnur mynd leikstjórans Snævars Sölvasonar en sú fyrri, hin stórskemmtilega *Albatross* sem gerðist að miklu leyti á golfvöllinum í Bolungarvík, var frumsýnd árið 2015.

Sagan í *Eden* og handritið er einnig eftir Snævar en hér segir frá parinu Lóu og Óliver sem hefur framfleytt sér með fíkniefnasölu en dreymir um að skapa sér betra líf í framtíðinni. Þegar þau síðan lenda upp á kant við undirheimaöflin ákveða þau að leggja allt sitt undir þrátt fyrir að það gæti kostað þau baráttu upp á líf og dauða.

Með aðalhlutverkin í myndinni fara Telma Huld Jóhannesdóttir, sem hefur getið sér gott orð á leiksviðinu og í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum á borð við *Illsku*, *Webcam* og *Rétt*, og Hansel Eagle, en hann fór einmitt með aðalhlutverkið í fyrri mynd Snævars, *Albatross*. Myndin skartar einnig leikurunum Arnari Jónssyni og Steinunni Ólínu Þorsteinsdóttur en önnur hlutverk eru fyrst og fremst skipuð ungum og upprennandi leikurum. Þar á meðal eru Tinna Sverrisdóttir, Gunnar Marís, Blær Hinriksson, Valgeir Skagfjörð, Einar Viðar G. Thoroddsen, Hjalti P. Finnsson og Róbert Gíslason, sem er sonur Eddu Björgvinsdóttur og Gísla Rúnars Jónssonar.

*Eden* verður frumsýnd 10. maí og hvetjum við að sjálfsgöðu allt íslenskt kvikmyndaáhugafólk til að skella sér á hana sem allra fyrst!



Með aðalhlutverkin í *Eden*, hlutverk þeirra Lóu og Ólivers, fara þau Telma Huld Jóhannesdóttir og Hansel Eagle.

## Punktar .....

- Myndin, sem var nánast öll tekin upp í Reykjavík, inniheldur kvikmyndatónlist eftir Magnús Jóhann Ragnarsson en lagasmíðarnar voru í höndum Þormóðs Eiríkssonar. Gott dæmi um samstarf þeirra félaga má heyrja í skemmtilegri stiklu myndarinnar þar sem hljómararnir í fyrri hlutanum eru hugsmíð Magnúsar en rapplagið í þeim seinni, sem er sungið af Ísak Sigurðssyni, er eftir Þormóð.



*Eden* hefur verið lýst sem villtri blöndu af spennu og kómík.



## Svindl á svindl ofan

Tvær konur, önnur í lágklassa og hin í háklassa, sem hafa sérhæft sig í svikum og prettum taka höndum saman um að svindla hressilega á forrikum mönnum og fá þá til að gefa sér hluta af auðæfum sínum. Allt gengur upp eins og í sögu þar til tæknifrömuðurinn og milljarðamæringurinn Thomas stígur inn í myndina og veldur því að ýmislegt byrjar að fara úrskeiðis.

Það bíða vafalaust margir eftir að sjá þessa gamanmynd leikstjórans Chris Addison en stiklan úr henni hefur slegið í gegn á netinu enda bráðskemmtileg ein og sér og sýnir vel hversu langt aðalpersónurnar tvær sem þær Rebel Wilson og Anne Hathaway leika eru tilbúnar að ganga til að fá sínu fram. En í veröld þar sem tilveran er byggð á svindli er auðvitað aldrei allt alveg eins og það sýnist.

Myndinni, sem verður frumsýnd 10. maí, er spáð mikilli velgengni í kvikmyndahúsum og hver veit nema hún eigi eftir að standa uppi sem einn af vinsælustu grínsmellum ársins 2019.



## The Hustle

Gamanmynd



**Aðalhlutverk:** Anne Hathaway, Rebel Wilson, Tim Blake Nelson, Alex Sharp, Ingrid Oliver, Emma Davies, Dean Norris og Casper Christensen **Leikstjórn:** Chris Addison **Bió:** Laugarásbíó, Smárabíó, Sambíóið Álfabakka og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 10. maí



Þær Penny og Josephine hittast fyrst í lestarferð þar sem Penny platar karlmenn upp úr skónum með alls konar lygasögum.

### Veistu svarið?

Anne Hathaway fagnar 20 ára leikferilsafmæli sínu um þessar mundir sem hófst þegar hún fékk hlutverk í sjónvarpsþáttinum *Get Real* árið 1999. Tveimur árum síðar sló hún svo í gegn í sínu fyrsta kvikmyndahlutverki. Í hvaða mynd?



The Princess Diaries.



Þótt þær hafi báðar lífsviðurværi sitt af alls konar prettum og svindli er sá stóri munur á þeim Penny og Josephine að sú fyrrnefnda svindlar til að hafa í sig og á meðan sú síðarnefnda svindlar til að eiga meira en hún á. Rebel Wilson og Anne Hathaway í hlutverkum sínum.

## Punktur .....

- *The Hustle* er byggð á handriti myndarinnar *Dirty Rotten Scoundrels* sem sló í gegn árið 1988 með Michael Caine, Steve Martin og Glenna Headly í aðalhlutverkum, en handrit hennar var aftur byggt á handriti myndarinnar *Bedtime Story* frá árinu 1964 þar sem þau Marlon Brando, David Niven og Shirley Jones léku aðalhlutverkin.

- Danski leikarinn Casper Christensen leikur einn af þeim mönnum sem Lonnie og Lady snara í gildru sína en Casper er auðvitað þekktastur fyrir að leika í sjónvarpsþáttunum og bíómyndunum *Klovn*.







## Finndu slóðina

Harry Goodman er einkaspæjari í borginni Ryme þar sem mannfólkið og pókémonar búa saman, að mestu í sátt og samlyndi þótt þeir eigi ekki auðvelt með að skilja hvers annars tungumál og siði. Þegar Harry hverfur dag einn gersamlega spor- og orðalaust af skrifstofu sinni kemur það í hlut tvítugs sonar hans, Tims, ásamt fyrrverandi félagi Harrys, pókémonspæjaranum Pikachu, að leysa málið, helst með hraði.

Samstarf þeirra Tims og Pikachus byrjar að vísu ekkert allt of vel enda hefur Tim lítið álit á pókémonum yfirleitt og vissi þess utan ekki að faðir hans hafði þekkt Pikachu. Auk þess þjáist Pikachu af minnisleysi eftir höfuðhögg sem gæti allt eins tengst hvarfi Harrys, hvernig sem það má annars vera. En eftir byrjunarörðugleika í samskiptum hefjast þeir Tim og Pikachu handa við að safna gögnum og vísbendingum um hvarf Harrys sem eiga fljótlega eftir að leiða þá á slóð illa inn-rættra aðila sem ógna ekki bara friðinum í Ryme-borg heldur hafa á prjónunum að gera út af við alla pókémóna fyrir fullt og allt ...



Justice Smith leikur Tim Goodman, son týnda einkaspæjarans Harrys Goodman sem var einnig fyrrverandi starfsfélagi Pikachus (Ryan Reynolds). Nú verða þeir Tim og Pikachu að leggja saman krafta sína og finna út úr því hvers vegna Harry hvarf og ekki síður hvar hann er.

## Pokémon Detective Pikachu

Ævintýri / Grín



**Aðalhlutverk:** Ryan Reynolds, Justice Smith, Suki Waterhouse, Bill Nighy, Kathryn Newton, Ken Watanabe, Omar Chaparro og Rita Ora  
**Leikstjórn:** Rob Letterman **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Akureyri og Keflavík, Smárabíó, Selfossbíó, Eyjabíó, Ísafjarðarbíó, Bíóhöllin Akranesi, Skjaldborgarbíó og Króksbíó

Frumskýnd 10. maí



Ryan Reynolds bæði talar fyrir Pikachu og ljær honum andlitshreyfingar sem voru teknar upp með svokallaðri „motion capture“-tækni.

### Veistu svarið?

Ryan Reynolds er í miklu uppáhaldi hjá mörgum, ekki síst eftir að hann sló enn og aftur í gegn sem Wade Wilson, öðru nafni Deadpool, í samnefndum myndum. Færri muna kannski að hann hafði leikið Wade Wilson áður. Í hvaða mynd?



X-Men Origins: Wolverine

## Punktur .....

- Leikstjóri myndarinnar og einn af höfundum handritsins, Rob Letterman, á m.a. að baki myndirnar *Monsters vs. Aliens*, *Gulliver's Travels*, *Goosebumps* og teiknimyndina *Shark Tale*.
- Myndin sækir efnið að verulegu leyti í metsöluleikinn *Detective Pikachu* sem kom út árið 2016 fyrir Nintendo 3DS-leikjatölvuna.
- *Detective Pikachu* er spáð mikilli velgengni í kvikmyndahúsum og hefur þegar verið hafist handa við gerð framhaldsmyndar.





# Nintendo®

  
NINTENDO  
SWITCH.



NITSW HW RED BLUE



ORMSSON


# ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á

[ORMSSON.IS](http://ORMSSON.IS)





## UglyDolls: Bíómyndin

Teiknimynd



**Íslensk talsetning:** Elísabet Ormslev, Íris Hólm Jónsdóttir, Sigurður Þór Óskarsson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Jón Ragnar Jónsson, Katrín Halldóra Sigurðardóttir, Oddur Júlíusson, Þórey Birgisdóttir, Snæfríður Ingvarsdóttir, Stefania Svavarsdóttir, Ævar Þór Benediktsson og fleiri  
**Kórstjórn:** Björn Thorarensen **Leikstjórn:** Selma Lóa Björnsdóttir  
**Bió:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri

**Frumskýnd 10. maí**



## Engin er fullkomin

Fyrsta bíómyndin um Ljótubrúðurnar, *UglyDolls*, verður frumsýnd 10. maí en hér er um fjörukt og fyndið ævintýri að ræða með kostulegum uppákomum og stórskemmtilegri tónlist.

Ljótubrúðurnar búa í Ljótabæ þar sem þær una ágætlega við sitt. Það á eftir að breytast dálítið þegar nokkrar þeirra leggja land undir fót og uppgötva að hinum megin við stóra fjallið þeirra er annar bæ, Fullkomnibæ, þar sem allar brúðurnar eru fullkomnar en ekki ljótar eins og þær sjálfar. En eins og oft hefur verið sagt þá felst feðurinn ekki í útlitinu heldur því sem innra með brúðunum býr ...

## Punktar .....

- Myndin verður sýnd bæði með íslenski talsetningu og enski en í henni eru það m.a. þau Kelly Clarkson, Nick Jonas, Janelle Monáe, Blake Shelton, Pitbull, Wanda Sykes, Emma Roberts, Gabriel Iglesias, Wang Leehom og Lizzo sem tala og syngja fyrir helstu persónurnar.





Fígúrnarnar úr

**UGLYDOLLS**

fást í Hagkaup



Opið allan sólarhringinn  
Garðabæ og Skeifunni

**HAGKAUP**

*Meira  
svona  
alla daga*



## Allt hefur afleiðingar

Það bíða margir spenntir eftir þriðju myndinni um leigumorðingjann John Wick sem í lok myndar númer tvö neyddist til að leggja á flóttu þegar ljóst varð að nánast hver og einn einasti leigumorðingi í heimi myndi innan klukkustundar hefja leit að honum í því skyni að drepa hann til að geta innheimt þær 14 milljónir dollara sem settar hafa verið honum til höfuðs.

„Winston. Segðu þeim, segðu þeim öllum, að hver sem kemur, hver sem það er, að ég muni drepa hann. Að ég muni drepa þau öll,“ voru lokaorð Johns Wick þegar við skildum við hann síðast, aðeins klukkustund áður en hann yrði réttdræpur í augum leigumorðingja heimsins. Þessi þriðji kafli sögunnar hefst innan þessarar sömu klukkustundar sem er einnig sá tími sem John hefur til að undirbúa sig undir það sem verða vill. Sá undirbúningur felst auðvitað helst í því að verða sér úti um vopn og skotfæri í miklu magni, enda mun ekki veita af. Og nú er bara að sjá hvernig John reiðir af og hvort honum takist að sleppa lifandi frá þeim hasar sem framundan er ...



## John Wick: Chapter 3 - Parabellum

Hasar / Spenna



**Aðalhlutverk:** Keanu Reeves, Halle Berry, Ian McShane, Asia Kate Dillon, Jerome Flynn, Anjelica Huston, Laurence Fishburne, Lance Reddick og Jason Mantzoukas **Leikstjórn:** Chad Stahelski **Bíó:** Laugarásbíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 17. maí



Það vantar alveg örugglega ekkert upp á hasaratriðin í *John Wick 3*.

### Veistu svarið?

Allir helstu aðstandendur fyrri myndanna snúa aftur í þessari, þ. á m. leikstjórninn Chad Stahelski, en hann og Keanu Reeves hafa þekkt síðan 1998 þegar Chad tók að sér að vera staðgengill hans í frægri mynd. Hvaða mynd?



The Matrix



Fyrirverandi leigumorðinginn John Wick er heldur betur búinn að koma sér í klandur því 14 milljónir dollara hafa verið settar til höfuðs honum. Sú upphæð nægir, og gott betur, til að allir leigumorðingjar heims eru komnir á stjá, hver og einn staðráðinn í að drepa hann.

## Punktar .....

- Heiti myndarinnar, *Parabellum*, er sótt í latneska orðatiltækið „si vis pacem, para bellum“ sem þýðir „ef þú vilt frið, búðu þig undir stríð“. Heitið „Parabellum“ hefur einnig verið notað yfir ákveðnar tegundir af byssum og skotfærahyllkjum, s.s. Luger P08 skammbýssuna, og má því segja að um tvöfalda tilvísun sé að ræða.



Halle Berry leikur Sofíu, gamla vinkonu Johns Wick, sem ákveður að ganga í lið með honum einmitt þegar hann þarf mest á því að halda.




## Látum drauminn rætast

Martha (Diane Keaton) er orðin dálítið leið á hlutunum og ákveður að fara á elliheimili til að deyja (að eigin sögn). En undir þessu hrjúfa yfirborði býr kraftur og áræðni sem kemur vel í ljós þegar hún fær þá hugdettu að stofna hvatningarsveit (cheer leading squad) ásamt hinum konunum á elliheimilinu og taka þátt í hvatningarsveitakeppni fyrir 18 ára og eldri.

Það má segja að hér taki saman höndum fólkið sem stóð að gerð *Bad Moms*-myndanna annars vegar og hinnar stórskemmtilegu *Bookclub* hins vegar og ættu því þeir sem sáu þær myndir ekki að vera í vafa um hvers konar bióskemmtun er hér á ferðinni. Eins og í þeim myndum eru það fyrst og fremst þekktar leikkonur sem fara með aðalhlutverkin og í þetta sinn eru það auk Diane Keaton þær Pam Grier, Rhea Perlman, Celia Weston, Jacki Weaver, Patricia French, Alisha Boe, Carol Sutton og Ginny MacColl sem leiða hópinn.

Að sjálfsgöðu fær hugmynd Mörthu um hvatningarsveitina frekar dræmar undirtektir hjá stjórnendum elliheimilisins, a.m.k. í byrjun enda virðast færstar konurnar vera í því formi sem slíkt útheimtir, hvað þá að vera færar um að taka þátt í keppni á móti stúlkum sem eru meira en 50 árum yngri en þær. En lengi lifir í gömlum glæðum ...



## Poms

Gamanmynd



**Aðalhlutverk:** Diane Keaton, Pam Grier, Rhea Perlman, Celia Weston, Jacki Weaver, Bruce McGill, Charlie Tahan, Patricia French, Alisha Boe og Phyllis Somerville **Leikstjórn:** Zara Hayes **Bió:** Smárabíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri

Frumnýnd 17. maí



### Veistu svarið?

Hin 71 árs gamla Rhea Perlman er ein af þeim sem leika stórt hlutverk í hvatningarsveit Mörthu, en Rhea hefur eins og margir vita verið gift Danny DeVito allar götur síðan 1982. Samt sem áður hafa þau aðeins leikið saman í einni bíómynd. Hvaða?



©1961 PPI/DW



Þegar Martha kemur á elliheimilið tilkynnir hún móttökunefndinni að hún hafi lítinn áhuga á að taka þátt í félagsstörfum enda sé hún bara komin á svæðið til að deyja. En þetta á auðvitað eftir að breytast.

## Punktur .....

• *Poms* er fyrsta bíómynd leikstjórans og handritshöfundarins Zöru Hayes en hún á m.a. að baki margar heimildarmyndir, þ. á m. verðlaunamyndina *Battle of the Sexes*, hina áhrifamiklu *Clothes to Die For* og sjónvarpsþáttaröðina *Dian Fossey: Secrets in the Mist*.



Uppistaðan í leikhópnum eru þekktar leikkonur fyrri ára og hér má m.a. sjá þær Rhea Perlman, Diane Keaton, Pam Grier, Jackie Weaver, Phyllis Somerville, Carol Sutton og Ginny MacColl í hlutverkum sínum.





## After

Rómantik / Drama



**Aðalhlutverk:** Josephine Langford, Hero Fiennes Tiffin, Shane Paul McGhie, Samuel Larsen, Khadijha Red Thunder, Swen Temmel, Peter Gallagher, Selma Blair og Jennifer Beals **Leikstjórn:** Jenny Gage  
**Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Akureyri og Keflavík, Selfossbíó, Eyjabíó og Ísafjarðarbíó

Frumskýnd 17. maí



### Veistu svarið?

Bandaríska leikkonan Jennifer Beals fer með veigamikil hlutverk í *After*, en óhætt er að segja að hún hafi slegið í gegn í sínu fyrsta aðalhlutverki árið 1983, þ.e. sem dansarinn Alex Owens í kvikmynd eftir Adrian Lyne. Hvað heitir sú mynd?



Flashdance

## Ekkert verður aftur eins og áður

Tessa er ung og ábyrg stúlka sem er nýbyrjuð í framhaldsskóla fjarri heimaslóðunum. Skömmu eftir að hafa komið sér fyrir á heimavistinni hittir hún Hardin Scott sem við fyrstu kynni virðist vera einn af þeim strákum sem Tessa ætti að halda sig fjarri. En þrátt fyrir framkomu hans er eitthvað við hann sem heillar Tessu og í gang fer atburðarás með afar óvæntri fléttu.

*After* er byggð á samnefndri fyrstu bók rithöfundarins Önnu Todd sem skrifaði hana á sögusíðunni Wattpad.com á árinu 2013. Sagan, sem er svokölluð „fanfiction“, sótti innblásturinn í tónlist og texta hljómsveitarinnar One Direction og varð á skömmum tíma gríðarlega vinsæl, svo vinsæl að hún kom út í prentuðu formi árið 2014 og varð fljótlega að metsölubók. Þetta er ástríðuþrungin saga um fyrstu ástina og hafa margir líkt efni hennar við nokkurs konar unglíngingáútgáfu af *50 gráum skuggum*. Eins og með Christian Grey í þeirri sögu reynist Hardin Scott ekki allur þar sem hann er séður, en hvort það boðar gott eða slæmt látum við áhorfendum eftir að uppgötva...



Ástralska leikkonan Josephine Langford sem leikur Tessu á ekki langan leikferil að baki en margir spá því að hún verði stórstjarna í framtíðinni. Þess má geta að hún er yngri systir Katherine Langford sem er einna þekktust fyrir að leika Hönnuh Baker í *13 Reasons Why* og leikur m.a. einnig eitt aukahlutverkið í *Avengers: Endgame*.

## Punktur .....

• Þau Josephine Langford og Hero Fiennes Tiffin sem leika aðalhlutverkin í *After* eru bæði fædd 1997, hún í ágúst og hann í nóvember.



Breski leikarinn Hero Fiennes Tiffin leikur Hardin Scott, en Hero hefur m.a. leikið í sjónvarpsþáttunum *Cleaning Up* og *Safe* og það muna vafalaust margir eftir honum í hlutverki Toms Riddle í *Harry Potter and the Half-Blood Prince*, en þá var Hero ellefu ára. Þess má geta að hann er sonur leikstjórans og framleiðandans Mörthu Fiennes og þar með systursonur Ralphs og Josephs Fiennes.



## Útlitið segir ekkert

Ted Bundy var afar geðfelldur maður sem átti auðvelt með að heilla konur með nærveru sinni og lágstemmdri framkomu. Útlitið skemmdi heldur ekki fyrir, en hann þótti bæði myndarlegur og kynþokkafullur. En undir þessu yfirborði bjó einhver allra grimmasti fjöldamorðingi í sögu Bandaríkjanna sem að lokum játaði á sig 30 morð en er talinn hafa myrt mun fleiri en það.

*Extremely Wicked, Shockingly Evil and Vile* er byggð á bókinni *The Phantom Prince: My Life with Ted Bundy* eftir Elizabeth Kloepfer sem var um tíma unnusta Teds Bundy og átti lengi vel erfitt með að trúa að hann væri sá fjöldamorðingi sem hann reyndist þó vera því sjálf hafði hún allt aðra reynslu af honum og gat ekki gert sér í hugarlund að undir mjúku yfirborðinu byggi allt annar maður en sá sem hún þekkti. Það er Lily Collins sem leikur Elizabeth í myndinni og með hlutverk Teds Bundy fer Zac Efron sem þykir sýna þvítíkan snilldarleik sem hinn tvöfaldi persónuleiki að hann á góða möguleika á að vera tilnefndur til allra helstu leiklistarverðlauna ársins. Þess utan er Zac alls ekki ólíkur Ted Bundy í útliti sem gerir hann enn trúverðugri í hlutverkinu.

Myndinni er leikstýrt af Joe Berlinger sem hefur verið margverðlaunaður fyrir heimildarmyndir sínar í gegnum árin. Þess má geta að heiti myndarinnar er sótt í lokaorð dómans sem dæmdi Ted Bundy til dauða í janúar 1980 og lýsti glæpum hans svo: „Your crimes were extremely wicked, shockingly evil and vile, and the product of design to inflict a high degree of pain.“



Ted Bundy hélt lengi vel fram sakleysi sínu og margir sem þekktu hann, þ. á m. unnustan Elizabeth Kloepfer, trúðu því alls ekki að hann væri morðingi. Zac Efron í hlutverki sínu sem Ted.



### Extremely Wicked, Shockingly Evil and Vile

#### Sannsógulegt



**Aðalllutverk:** Zac Efron, Lily Collins, Angela Sarafyan, Kaya Scodelario, Haley Joel Osment og John Malkovich **Leikstj.:** Joe Berlinger **Bið:** Sambíóin Álfabakka, Krínglunni, Egilshöll, Akureyri og Keflavík, Selfossbíó, Eyjabíó og Ísafjarðarbíó


**Frumnýnd 17. maí**



Haley Joel Osment, sem sló í gegn ungur að árum, fyrst sem sonur *Forrest Gump* í samnefndri mynd og síðan í *The Sixth Sense* og fleiri myndum, mætti hress, kátur og 31 árs á Sundance-kvikmyndahátíðina í vetur.



Pauley Pypers og Hero Fiennes sem fara með aðalllutverkin í myndinni *After* hafa verið á ferð og flugi að undanförunu að kynna myndina og mættu eins og sjá má hér þrúðbúin á forsyningu hennar í París 21. apríl.



Lily Collins mætti í þessum flotta kjól frá Elie Saab á forsyningu myndarinnar *Extremely Wicked, Shockingly Evil and Vile* í London 24. apríl, en hún fer með aðalllutverkið í henni á móti Zac Efron sem leikur Ted Bundy.





## Aladdin

Ævintýri

Aldurstakmark og lengd ekki fyrirbyggjandi fyrir prentun

**Aðalhlutverk:** Mena Massoud, Naomi Scott, Will Smith, Marwan Kenzari, Alan Tudyk, Billy Magnussen, Nasim Pedrad, Navid Negahban, og Numan Acar **Leikstjórn:** Guy Ritchie **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Akureyri og Keflavík, Háskólabíó, Selfossbíó, Eyjabíó, Ísafjarðarbíó, Bíóhöllin Akranesi, Skjaldborgarbíó og Króksbíó

**Frumskýnd 22. maí**



Í hlutverki andans sem býr í lampanum og getur uppfyllt þrjár óskir eiganda síns er Will Smith sem sagður er fara á kostum í myndinni.

### Veistu svarið?

Tvær af uppáhaldspersónum margra úr teiknimyndinni frá 1992 voru hinn kaldhæðni páfagaukur Jafars og hinn úrræðagóði api sem fylgir Aladdin. Þessar tvær persónur eru að sjálfsgöðu með í nýju myndinni, en hvað heita þær?



τηγη βο οσθη

## Gættu að því sem þú óskar þér

Ævintýrið um Aladdin, sem sótt er í uppfærðu útgáfuna af arabísku þjóðsögnum *Þúsund og ein nótt* og Disney gerði frábæra teiknimynd eftir árið 1992, er hér fært í nýjan, litríkan og spennandi búning þar sem tónlist og dans kemur mikið við sögu og grínið er að sjálfsgöðu aldrei langt undan.

Það er Guy Ritchie sem leikstýrir þessari nýju og fjöregu útfærslu af sögunni um Aladdin og töfralampann og í aðalhlutverkum eru þau Mena Massoud og Naomi Scott sem leika Aladdin og Jasmine prinsessu, Will Smith sem leikur andann og Marwan Kenzari sem leikur stórvesírinn Jafar. Sagan er í stuttu máli um þjófinn og „stræt-isrottuna“ Aladdin sem Jafar, stórvesírinn valdagráðugi, sendir út af örkinni til að finna forlata lampa í helli einum og færa sér. Aladdin veit ekki fyrir en hann hefur lampann í höndunum að í honum býr andi sem getur veitt og uppfyllt þrjár óskir þess sem á honum heldur. Það verður til þess að Aladdin ákveður að standa ekki við samkomulagið við Jafar heldur nýta sér óskirnar í eigin þágu og til að vinna ástir dóttur soldánsins, hinnar fögru Jasmín prinsessu. En Jafar gefst ekki svo glatt upp og staðráðinn í að komast yfir lampann sendir hann sína menn af stað til að klófesta Aladdin ...



Naomi Scott og Mena Massoud leika þau Jasmín prinsessu og Aladdin.

## Punktar .....

- Sagan um Aladdin og töfralampann er í raun ekki að finna í hinum upprunalegu arabísku þjóðsögnum sem saman nefnast *Þúsund og ein nótt* heldur var henni bætt inn í sagnabálkinn á 19. öld. Hún hefur þó allar götur síðan verið þekktasta sagan í *Þúsund og einni nótt* ásamt sögunni, eða sögunum sjö, um Sindbað sæfara.

- Tónlistin í myndinni er að mestu eftir Alan Menken sem samdi Óskarsverðlaunatónlistina við teiknimyndina árið 1992 en einnig er hér að finna ný lög og texta eftir þá Benji Pasek og Justin Paul sem hlutu m.a. Óskarsverðlaunin fyrir tónlist sína í myndinni *La La Land*.



Marwan Kenzari leikur hinn valdagráðuga Jafar stórvesír.





# Douze points



## Eurovisionleikur Pringles

- Regla 1:** Passaðu þig að eiga til nóg af Pringles
- Regla 2:** Þegar lag hefst, fáðu þér Pringles
- Regla 3:** Þegar lagi lýkur, fáðu þér Pringles
- Regla 4:** Þegar eitthvað lag fær 12 stig, fáðu þér Pringles
- Regla 5:** Alltaf þegar þig langar í Pringles, fáðu þér Pringles



Hvað ef ...?

**Bændahjónin Kyle og Tori Breyer vita ekki hvaðan á sig stendur veðrið þegar eitthvað sem líkist lofsteini skellur á landareign þeirra. Við athugun á málinu finna þau kornabarn sem virðist hafa komið með þessari sendingu utan úr geimnum og ákveða að ganga því í foreldra stað. Það á ekki eftir að fara vel.**

*Brightburn* er í leikstjórn Davids Yarovesky en hún er framleidd af James Gunn sem gerði *Guardians of the Galaxy*-myndirnar og er handritið eftir bróðir hans, Brian Gunn, og frænda þeirra, Mark Gunn. Hafa ýmsir bent á að grunnsagan í myndinni líkist sögunni um það þegar Súperman kom til jarðar og var tekinn í fóstur af Kent-hjónunum. Munurinn er hins vegar sá að þegar þessi ungi maður utan úr geimnum, sem Breyer-hjónin nefna Brandon, vex úr grasi og uppgötvar að hann er gæddur nánast sömu ofurkröftum og Súperman nýtir hann þá ekki til góðs heldur til að hefna sín á þeim sem hann telur hafa gert á sinn hlut. Þar eru skólafélagarnir efstir á blaði eftir að hafa veist að honum um árabíl og beitt hann einelti og ekki síður skólayfirvöld sem sýndu honum lítinn skilning ...



Elizabeth Banks leikur Tori Breyer sem finnur kornabarn eftir að ókennilegur hlutur utan úr geimnum lendir á landareign hennar og eiginmannsins og ákveður að ala það upp sem sitt eigið.

**Brightburn**

Tryllir



**Aðalhlutverk:** Elizabeth Banks, David Denman, Jackson A. Dunn, Matt Jones, Meredith Hagner, Steve Agee, Becky Wahlstrom og Stephen Blackehart **Leikstjórn:** David Yarovesky **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó, Sambíóið Egilshöll og Borgarbíó Akureyri

**Frumskýnd 22. maí**



Tori hefur lengi vel trú á Brandon, en það á ekki eftir að breytast.

**Veistu svarið?**

Elizabeth Banks, sem á 20 ára leikferil að baki, hefur einnig sent frá sér eina mynd sem leikstjóri, *Pitch Perfect 2* árið 2015. Í nóvember verður önnur mynd sem hún leikstýrir frumsýnd en sú er endurgerð vinsællar myndar frá árinu 2000. Hvaða myndar?



Charlie's Angels

**Punktar .....**

• *Brightburn* er önnur myndin í fullri lengd sem David Yarovesky leikstýrir en sú fyrri var vísindahrollveikjan *The Hive* sem hann sendi frá sér 2014 og hlaut góða dóma margra sem hana sáu. Þess má geta að hann og Gunn-bræðurnir hafa lengi verið vinir og vann David t.a.m. að báðum *Guardians of the Galaxy*-myndunum.



Þegar Brandon, sem Jackson A. Dunn leikur, vex úr grasi kemur í ljós að hann er einrænn og utangátta og verður af þeim sökum fyrir einelti í skólanum. Fyrir það á hann eftir að hefna grimmilega.



# GINGER

BE GOOD TO YOURSELF

**EVERY ACTION  
HAS CONSEQUENCES.**

**KEANU REEVES  
CHAPTER**

# **JOHN 3 WICK**

**PARABELLUM**

LIONSGATE PRESENTS A THUNDER ROAD PICTURES PRODUCTION IN ASSOCIATION WITH 87ELEVEN PRODUCTIONS A FILM BY CHAD STAHELSKI KEANU REEVES  
"JOHN WICK: CHAPTER 3— PARABELLUM" HALLE BERRY LAURENCE FISHBURNE MARK DACASCOS ASIA KATE DILLON LANCE REDDICK WITH ANJELICA HUSTON AND IAN McSHANE  
CASTING BY MARY VERNIEU, CSA & MARISOL RONCALLI, CSA MUSIC SUPERVISOR KEVIN EDELMAN MUSIC BY TYLER BATES AND JOEL J. RICHARD COSTUME DESIGNER LUCA MOSCA EDITED BY EVAN SCHIFF PRODUCTION DESIGNER KEVIN KAVANAUGH  
DIRECTOR OF PHOTOGRAPHY DAN LAUSTSEN, ASC, DFF EXECUTIVE PRODUCERS CHAD STAHELSKI DAVID LEITCH JOBY HAROLD JEFF WAXMAN PRODUCED BY BASIL IWANYK, P.G.A. ERICA LEE, P.G.A. BASED ON CHARACTERS CREATED BY DEREK KOLSTAD STORY BY DEREK KOLSTAD  
SCREENPLAY BY DEREK KOLSTAD AND SHAY HATTEN AND CHRIS COLLINS & MARC ABRAMS DIRECTED BY CHAD STAHELSKI

#JohnWick3

SOUNDTRACK ON

LIONSGATE

LAUGARÁS  BÍÓ  
BARA LÚXUS

HÁSKÓLA  BÍÓ

BORGAR  BÍÓ

**NÝTT  
Í BÍÓ  
FRUMSÝND  
17. maí**





## Rocketman

Sannsögulegt

Aldurstakmark og lengd ekki fyrirleggjandi fyrir prentun

**Aðalhlutverk:** Taron Egerton, Jamie Bell, Bryce Dallas Howard, Tate Donovan, Stephen Graham, Richard Madden, Jason Pennycooke, Gemma Jones og Kit Connor **Leikstjórn:** Dexter Fletcher **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Akureyri og Keflavík auk þess Háskólabíó, Selfossbíó, Eyjabíó, Ísafjarðarbíó, Bíóhöllin Akranesi, Skjaldborgarbíó og Króksbíó

**Frumskýnd 29. maí**



### Veistu svarið?

Elton John hefur slegið mörg met á tónlistarsviðinu, hlotið öll þau verðlaun sem hægt er að fá og trónir á toppnum sem sá tónlistarmaður sem selt hefur flestar plötur á ferlinum. Hann á einnig söluhæstu smáskífu allra tíma í Bretlandi. Hvaða lag er það?



*Candle in the Wind, 1997-tígátan sem var tilnefnd Drottningu prinsessu.*

## Ævintýri um ævintýri

Elton John þarf engrar kynningar við enda hefur hann trónað á toppnum í popptónlistinni allar götur frá því hann sló fyrst í gegn árið 1970 með lagi sínu *Your Song*. En tónlistarsaga hans nær mun lengra aftur í tímann en það og í þessari mynd leikstjórans Dexters Fletcher er farið yfir feril hans frá byrjun.

Sir Elton Hercules John, eða Reginald Kenneth Dwight eins og hann hét áður en hann breytti nafni sínu á sjöunda áratug síðustu aldar (og bætti síðan við millinafninu Hercules), fæddist í Pinner í Middlesex 25. mars 1947 og er því nýorðinn 72 ára. Í myndinni er lögð áhersla á að segja frá æsku hans og uppveiti, fyrstu skrefum hans í tónlistinni og þeim umbreytingum sem urðu á lagasmíðum hans þegar hann og ljóðskáldið og textahöfundurinn Bernie Taupin voru fyrir tilviljun leiddir saman árið 1967. Við fylgjum síðan sögu hans og fólksins í kringum hann allt til heimsfrægðar og fáum að sjálfsögðu að heyra mörg af hans þekktustu lögum sem gerðu hann að þeirri súperstjörnu sem hann hefur verið upp frá því.



Taron Egerton leikur Elton John og syngur sjálfur öll lögina í myndinni.

## Punktar .....


- Leikstjóri myndarinnar, Dexter Fletcher, á m.a. að baki verðlaunamyndirnar *Wild Bill*, *Sunshine on Leith* og *Eddie the Eagle*, en það var einmitt Taron Egerton sem fór með titilhlutverkið í þeirri síðastnefndu. Eins og margir jafnframt vita þurfti Dexter að gera óvænt hlé á undirbúningi þessarar myndar þegar hann var beðinn að taka við leikstjórnartaumum myndarinnar *Bohemian Rhapsody* eftir að Bryan Singer var sagt upp sem leikstjóra hennar.

- Handritið er skrifað af Lee Hall (*Billy Elliott*) í góðu samstarfi við Elton John sjálfan sem lagði samt áherslu á að aðstandendur myndarinnar færu sínar eigin leiðir í túlkun sinni á lífshlaupi hans.



Jamie Bell leikur textahöfundinn Bernie Taupin en samstarf þeirra Eltons hófst árið 1967 þegar Elton var tvítugur og Bernie 17 ára.





NÚ ÁN  
LYFSEÐILS

## Valaciclovir Actavis

– til meðhöndlunar á frunsum

Valaciclovir Actavis 500 mg, filmhúðaðar töflur. Lyfið er notað við meðhöndlun á frunsum hjá heilbrigðum einstaklingum með eðlilega nýrnastarfsemi, sem eru 18 ára og eldri, hafa áður verið greindir af lækni með áblástur (frunsur) og þurfa endurtekna meðferð vegna áblásturs. Gleypa skal töflurnar heilar með vatni. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is)

**Actavis**





**Þetta eru engin gæludýr**

*Godzilla: King of the Monsters* er óbeint framhald myndarinnar *Godzilla* sem var frumsýnd sumarið 2014 og halaði inn um 530 milljónir dollara í kvikmyndahúsum. Hér heldur ævintýrið áfram og í þetta sinn þarf Godzilla m.a. að takast á við hið þríhöfða skrímsli Ghidorah sem ætlar sér alheimsyfirráð, en í þeim hrikalega átökum má mannfólkið síns lítils – eða hvað?

Þeir sem sáu 2014-myndina um Godzillu ættu ekki að verða fyrir vonbrigðum með þessa sem er jafnframt þriðja myndin í hinum svokallaða *MonsterVerse*-myndafllokki en til hans telst einnig myndin *Kong: Skull Island* sem var frumsýnd sumarið 2017. Um leið er *Godzilla: King of the Monsters* undanfari fjórðu myndarinnar, *Godzilla vs. Kong*, sem verður frumsýnd að ári liðnu.

Fyrir utan Godzillu koma hér við sögu ýmis önnur skrímsli sem tilheyra sögunni um hana, svo sem Mothra og Rodan ásamt þríhöfðanum Ghidorah sem eirir engu sem í vegi hans stendur. Í gang fer hrikaleg barátta, annars vegar á milli skrímslanna og hins vegar á milli manna sem hafa mismunandi sýn á hvernig höndla eigi ástandið – og um leið á stefnuna sem framtíð mannkynsins tekur ...



Millie Bobby Brown og Vera Farmiga leika mæðgurnar Madison og Emmu, en Emma hefur fundið upp tækni sem gerir henni kleyft að ná sambandi við skrímslin ógurlegu. Vegna þeirrar vitneskju er þeim mæðgum rænt af fólki sem vill stjórna skrímslunum í eigin þágu.


**Godzilla: King of the Monsters**

**Ævintýri / Hasar**



**Aðalhlutverk:** Vera Farmiga, Millie Bobby Brown, Kyle Chandler, Bradley Whitford, Sally Hawkins, Charles Dance, O'Shea Jackson Jr., David Strathairn, Ken Watanabe og Zhang Ziyi **Leikstjórn:** Michael Dougherty **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Akureyri og Keflavík, Smárabíó, Selfossbíó, Eyjabíó, Ísafjarðarbíó, Bíóhöllin Akranesi, Skjaldborgarbíó, Króksbíó

**Frumskýnd 29. maí**



Hið ægilega þríhöfða skrímsli Ghidorah, sem er erkióvinur Godzillu og hennar langsterkasti mótherji, kemur mikið við sögu í myndinni.

**Veistu svarið?**


Á meðal persónanna sem snúa aftur í þessari mynd úr 2014-myndinni er vísindakonan Vivienne Graham sem breska leikkonan Sally Hawkins leikur á ný, en Sally hefur tvisvar sinnum verið tilnefnd til Óskarsverðlauna. Fyrir leik í hvaða myndum?



*The Shape of Water and Blue Jasmine.*

**Punktar .....**

• *Godzilla: King of the Monsters* er fyrsta bíómyndin sem hin fimmtán ára gamla Millie Bobby Brown leikur í en hún vann til ótal verðlauna og hlaut m.a. tvær Emmy-tilnefningar fyrir leik sinn í sjónvarpsseriunni *Stranger Things* og er almennt talin ein efnilegasta leikkona Bandaríkjanna nú um stundir þótt Bretar telji sig eiga alveg jafnmikið í henni þar sem báðir foreldrar hennar eru Bretar. Þess má geta til gamans að Millie er yngsta konan sem komist hefur inn á topp 100-lista Time-tímaritsins yfir áhrifamesta fólkið í Bandaríkjunum, en inn á þann lista fór hún í apríl í fyrra.





Síðasti séns

Skólafélagarnir og vinkonurnar Amy og Molly eru fyrirmyndar-nemendur sem hafa með mikilli elju uppskorið góðar einkunnir sem duga til að komast inn í bestu framhaldsskólana. En þessi árangur hefur einnig kostað þær miklar fórnir á félagslega sviðinu og nú er kominn tími til að bæta úr því í eitt skipti fyrir öll!

Booksmart er fyrsta mynd Oliviu Wilde sem leikstjóra og þykir hún bráðskemmtileg frá upphafi til enda. Myndin gerist á lokadegi skólaársins þegar síðasta tækifærið til að skvetta úr klaufunum er runnið upp og það tækifæri ætla þær Amy og Molly ekki að láta sér úr greipum ganga. En hvernig fara námshestar eins og þær að því að bæta sér upp margra ára félagslega einangrun á einum degi?



Stöllurnar Molly og Amy eru harðákveðnar í að mála bæinn rauðan í eitt skipti fyrir öll enda er síðasta tækifærið til þess upprunnið.

Booksmart

Gamanmynd



**Aðalhlutverk:** Kaitlyn Dever, Beanie Feldstein, Billie Lourd, Noah Galvin, Jason Sudeikis, Lisa Kudrow, Will Forte, Skyler Gisondo, Diana Silvers og Jessica Williams **Leikstjórn:** Olivia Wilde **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 29. maí



Billie Lourd (t.v.), sem leikur Connix í Star Wars-myndunum, leikur stórt hlutverk í Booksmart ásamt t.d. eiginmanni Oliviu Wilde, Jason Sudeikis, Lisu Kudrow og öðrum þekktum gamanleikurum.

Punktar .....

- ★★★★1/2 - *Wrap* ★★★★★1/2 - *IndieWire* ★★★★★1/2 - *Variety*
- ★★★★1/2 - *Hollyw. Reporter* ★★★★★1/2 - *New York Magazine*
- ★★★★1/2 - *IGN* ★★★★★ - *The Playlist* ★★★★★ - *The Guardian*

• *Booksmart* verður ekki sýnd á almennum sýningum fyrr en í lok maí en hún var frumsýnd á South By Southwest-kvikmyndahátíðinni í Austin í Texas 14. mars og hlaut frábærar viðtökur. Þegar þetta er skrifað er hún með 8,6 í meðaleinkunn frá þeim tíu gagnrýnendum á Metacritic sem þegar hafa birt dóma sína og segja sumir hana vera bestu gamanmynd í sínum flokki síðan *Superbad* 2007.

• Sagan í myndinni er eftir Katie Silberman og hafa þær Olivia Wilde látið hafa eftir sér að fyrir utan *Superbad* sé innblásturinn sóttur í sígildar „coming of age“-myndir eins og *The Breakfast Club*, *Fast Times At Richmount High*, *Dazed and Confused* og *Clueless*.



Leikstjórinn Olivia Wilde ásamt aðalleikonunum Kaitlyn Dever og Beanie Feldstein á South By Southwest-kvikmyndaráðstefnunni í mars þar sem myndin fékk frábærar viðtökur áhorfenda og gagnrýnenda.

Veistu svarið?

Olivía Wilde er auðvitað mun þekktari sem leikkona en leikstjóri en hún hóf leikferil sinn árið 2004 í aukahlutverki myndarinnar *The Girl Next Door* og sló svo í gegn í sjónvarpsþáttum sem nutu mikilla vinsælda, m.a. á Íslandi. Hvaða sjónvarpsþáttum?



©2019